

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og holræsagjaldi hjá Sveitarfélaginu Ölfusi.

Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti og holræsagjaldi hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Sveitarfélaginu Ölfusi 2016.

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Ölfuss ár hvert og reglum þessum sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Sveitarfélaginu Ölfusi sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri.
- b) hafa verið útskurðaðir öryrkjar fyrir 1. janúar 2016.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

3. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Tekjur einstaklinga árið 2015	Tekjur hjóna árið 2015	Niðurfelling
Allt að 2.575.000	Allt að 3.872.000	100%
Milli 2.575.001-3.006.000	Milli 3.872.001-4.457.000	75%
Milli 3.006.001-3.434.000	Milli 4.457.001-5.047.000	50%
Milli 3.434.001-3.864.000	Milli 5.047.001- 5.635.000	25%

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári.

III. Breyting á högum umsækjanda.

4. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

- a) þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.

- b) ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- c) einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmönnum.

IV. Umsókn

5. gr.

Afsláttur samkvæmt 3. gr. til ellilífeyrisþega skal reikna við álagningu og er birtur á álagningarseðli.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt samkvæmt 3. grein gegn framvísun örorkuskírteinis.

6. gr.

Bæjarstjórn Ölfuss endurskoðar tekjumörk í janúar ár hvert.